



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðun.  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 17. desember 2020  
2012036SA KB/vrb  
Málalykill: 04.40

### **Efni: Umsögn um drög að reglugerð um vinnustaðanám**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 3. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um vinnustaðanám.

### **Almennt**

Með nýrri reglugerð er gert ráð fyrir að skólar séu ábyrgir fyrir því að iðnnámsnemendur komist í vinnustaðanám og með því tryggt að nemendur fái lokið námi sínu. Tilgreindar eru tvær leiðir í vinnustaðanámi, annars vegar iðnmeistaraleið, sem byggir á núverandi fyrirkomulagi þar sem gerður er námssamningur milli iðnmeistara og iðnnema, og hins vegar skólaleið þar sem gert er ráð fyrir að skólinn sjái um að skipuleggja vinnustaðanám. Áður en skólaleiðin er farin skal skóli hafa fullreynt að koma nemanda á iðnmeistarasmning og tilkynnt það til meistarafélags iðnarinnar. Gert er ráð fyrir að nemandi á iðnmeistarasmningi fái laun í samræmi við gildandi kjarasmning, en miðað er við að nemandur á skólasamningi verði launalausir. Vinnustaðanám á skólaleið er skipulagt af skóla í samvinnu við vinnustað, en vinnustaðanám samkvæmt iðnmeistarasmningi er skipulagt af vinnustað. Vegna mögulegrar sérhæfingar mismunandi vinnustaða gera báðar leiðir ráð fyrir því að nemandi geti þurft að nema á fleiri en einum vinnustað til að uppfylla kröfur um hæfni.

Núgildandi kerfi skilgreinir tímalengd starfsþjálfunar í vikum en samkvæmt fyrirhuguðum breytingum mun mat á hæfni nemanda ráða tímalengd starfsþjálfunar sem getur þá orðið mislöng. Gert er ráð fyrir að haldin verði sérstök rafræn ferilbók fyrir hvern og einn nemanda þar sem bæði fulltrúi skóla og vinnustaðar meta sameiginlega hæfni nemenda í einstökum þáttum.

### **Afstaða sambandsins**

Samband Íslenskra sveitarfélaga er mjög fylgjandi þeim breytingum sem lagðar eru til í drögum að nýrri reglugerð enda löngu orðið tímabært að skólar beri ábyrgð á því að nemandur þeirra komist í vinnustaðanám. Það eykur líkur á því að nemandur geti lokið námi á tilsettum tíma og verður vonandi til þess að draga jafnframt úr brottfalli nemenda. Þá er tilkoma rafrænnar ferilbókar einnig afar mikilvæg enda fagleg nálgun að láta lengd vinnustaðanáms ráðast af hæfni nemenda frekar en fyrirfram ákveðinni tímalengd.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri